



Skýrsla starfskjaranefndar Símans hf.

Starfsárið 2025 – 2026

Tilgangur og hlutverk starfskjaranefndar

Síminn hefur sett sér starfskjarastefnu sem unnið er samkvæmt. Starfskjarastefna félagsins var samþykkt óbreytt á aðalfundi ársins 2025. Samkvæmt stefnunni á hún að vera grunnur eftirsóknarverðra starfskjara hjá Símanum og að tryggja að starfskjör yfirstjórnenda taki mið af afkomu fyrirtækisins til langs tíma, frammistöðu þeirra sjálfra og hagsmunum hluthafa.

Starfskjaranefnd semur um kjör við forstjóra og stjórn félagsins samþykkir samning félagsins við forstjóra. Forstjóri er ábyrgur fyrir starfskjörum annarra starfsmanna félagsins og ber honum að tryggja að starfskjör séu ávallt í samræmi við starfskjarastefnu og nánari framkvæmd samkvæmt leiðbeiningum starfskjaranefndar. Nefndinni er heimilt að ráðfæra sig við ytri ráðgjafa um starfskjör í sambærilegum fyrirtækjum þegar þörf krefur. Nefndinni er ætlað samkvæmt hlutverki sínu að ná til þeirra verkefna sem kveðið er á um í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfa 2021.

Skipan og störf starfskjaranefndar á starfsárinu

Starfskjaranefnd er undirnefnd stjórnar Símans og er skipuð af henni í samræmi við starfsreglur stjórnar. Starfskjaranefnd Símans starfsárið 2025 - 2026 skipuðu Jón Sigurðsson, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Arnar Mátsson og Valgerður Halldórsdóttir. Starfskjaranefnd hélt tvo fundi á starfsárinu 2025 - 2026. Hefðbundin verkefni vörðuðu starfskjarastefnu, launakjör forstjóra og greiðslur vegna breytilegs þáttar launa framkvæmdastjórnar. Nefndin var forstjóra einnig til ráðgjafar vegna starfskjara framkvæmdastjóra sem og við starfslok framkvæmdastjóra. Þá fjallaði nefndin jafnframt um almenn starfsmannatengd málefni á borð við starfsánægjumælingar og jafnlaunavottun.

Tveir framkvæmdastjórar létu af störfum á árinu og voru starfslokagreiðslur til þeirra samkvæmt ákvæðum ráðningarsamninga og innan heimilda starfskjarastefnu. Nánari umfjöllun um launagreiðslur forstjóra og framkvæmdastjórnar má finna í skýringu 31. í ársreikningi fyrir árið 2025.

Í starfskjarastefnu Símans er eftirfarandi tilgreint varðandi kaupukagreiðslur: „Kaupuki getur að hámarki numið fjárhæð sem samsvarar fjögurra mánaða grunnlaunum hjá forstjóra og æðstu stjórnendum. Skulu kaupaukar miðast við frammistöðu viðkomandi starfsmanna, afkomu félagsins og/eða mikilvæga áfanga í rekstri og starfsemi félagsins, þ. á m. hvort settum markmiðum hefur verið náð.“

Samhliða samþykkt ársreiknings fyrir 2025, á stjórnarfundum 17. febrúar 2026, samþykkti stjórn Símans tillögu starfskjaranefndar um greiðslur vegna kerfis breytilegra launa forstjóra og framkvæmdastjórnar. Þau markmið sem skilgreind voru í kerfinu fyrir fjárhagsárið 2025 náðust að hluta en markmiðin byggðust á rekstrarhagnaði (2 mánuðir), sameiginlegum ófjárhagslegum markmiðum (1 mánuður) og persónubundnum markmiðum (1 mánuður). Byggt á framangreindum markmiðum samþykkti stjórn greiðslur sem jafngilda 2,5 til 3,0 mánaða grunnlaunum, til fjögurra aðila í framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjórar sem hófu störf árið 2025 voru ekki hluti af kaupukakerfi 2025. Greitt var ígildi 1,0 mánaðarlauna vegna sameiginlegra fjárhagslegra markmiða, ígildi 1,0 mánaðarlauna vegna sameiginlegra ófjárhagslegra markmiða



og ígildi 0,5-1,0 mánaðarlauna vegna persónubundinna markmiða. Alls námu umræddar greiðslur um 38 m.kr. án launatengdra gjalda.

Föst laun forstjóra voru hækkuð um 3,5% á árinu 2025 og að jafnaði hækkuðu föst laun þeirra framkvæmdastjóra sem störfuðu hjá félaginu um áramótin 2024-25 um 3,5% á árinu.

Á stjórnarfundum þann 16. maí 2023 tók stjórn Símans hf. ákvörðun um að veita stjórnendum og ákveðnum lykilstarfsmönnum kauprétti að samtals 75.000.000 hlutum í félaginu. Ákvörðunin byggir á samþykkt aðalfundar frá 9. mars 2023. Þann 7. nóvember 2025 tók stjórn Símans hf. ákvörðun um að veita tveimur nýjum framkvæmdastjórum og ákveðnum lykilstarfsmönnum kauprétti að samtals 15.000.000 hlutum í félaginu, eða sem samsvarar um 1,06% af útgefnu hlutafé Símans. Ákvörðunin byggir á samþykkt aðalfundar frá mars 2023. Í lok árs 2025 hafði kaupréttum að 67.500.000 hlutum verið úthlutað til stjórnenda og ákveðinna lykilstjórnenda og hefst nýtingartímabil þeirra haustið 2026 og stendur til 2030, en kaupréttur fellur niður ef kaupréttarhafi hefur látið af störfum hjá félaginu. Nánar má lesa um skilmála kaupréttaráætlunar fyrir stjórnendur og lykilstarfsmenn á vefsvæði Símans fyrir fjárfesta¹.

Í samræmi við samþykkt aðalfundar frá 9. mars 2023 hefur verið gengið frá kaupréttaráætlun byggðri á 10. grein laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Kaupréttur nær til allra fastráðinna starfsmanna félagsins. Samkvæmt áætluninni öðlast hver kaupréttarhafi rétt til að kaupa hluti í félaginu fyrir að hámarki 1.500.000 krónur einu sinni á ári í þrjú ár, eftir birtingu hálfársuppgjörs fyrir árin 2024, 2025 og 2026. Kaupverð hluta er vegið meðaltal í viðskiptum með hlutabréf félagsins síðustu tíu viðskiptadaga fyrir samningsdag.

Árið 2023 gerðu 226 starfsmenn kaupréttarsamning sem ná til allt að 30.874.312 hluta árin 2024, 2025 og 2026 og var gengi kaupréttar 10,98 á hlut.

- Gengi kaupréttar hefur verið leiðrétt vegna arðgreiðslna árin 2024 og 2025 og er nú 10,58.
- Af 226 starfsmönnum sem gerðu kaupréttarsamning árið 2023 voru 190 enn starfandi hjá félaginu um síðustu áramót.

Árið 2024 bættust við 38 starfsmenn sem eiga rétt á allt að 11.457.286 hlutum árin 2025 og 2026 og var gengi kaupréttar 9,95 á hlut.

- Gengi kaupréttar hefur verið leiðrétt vegna arðgreiðslu 2025 og er nú 9,75.
- Af 38 starfsmönnum sem gerðu kaupréttarsamning árið 2024 voru 31 enn starfandi hjá félaginu um síðustu áramót.

Árið 2025 bættust 23 starfsmenn sem eiga rétt á allt að 2.595.937 hlutum á árinu 2026 og var gengi kaupréttar 13,29 á hlut.

Engin starfsmaður nýtti kauprétt sinn árið 2024 enda var gengi á markaði lægra en kaupréttargengi á þeim tíma.

Árið 2025 nýttu 150 starfsmenn kauprétt sinn og keyptu samtals 21.087.950 hluti að nafnverði. Skiptist nýtingin þannig:

- Skráðir 2023: 121 starfsmenn keyptu 16.677.694 hluti að nafnverði á genginu 10,58.
- Skráðir 2024: 29 starfsmenn keyptu 4.410.256 hluti að nafnverði á genginu 9,75.

¹ [Síminn hf. - Tillaga að kaupréttaráætlun fyrir stjórnendur 2023](#)



Nánari upplýsingar um launakostnað Símans má finna í skýringu 8 í ársreikningi fyrir árið 2025, umfjöllun um kauprétti í skýringu 12 og í skýringu 32 eru um upplýsingar um þóknanir stjórnar og föst og breytileg laun forstjóra og framkvæmdastjórnar á árinu 2025.

Starfskjaranefnd hefur fjallað um breytilegan þátt launa forstjóra og framkvæmdastjórnar fyrir fjárhagsárið 2026 og lagt tillögu til stjórnar um uppfærð markmið. Árangursviðmið ársins 2026 munu byggjast á EBIT afkomu og persónubundnum markmiðum. Breytilegur þáttur launa getur að hámarki numið ígildi fjögurra mánaða grunnlauna í samræmi við gildandi starfskjarastefnu en þar af verða tveir mánuðir háðir EBIT markmiðum og tveir mánuðir persónubundnum markmiðum.